

Sjálfsmatsskýrsla

Djúpavogsskóli 2017 – 2018



Apríl 2019
Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir

Skýrsla um sjálfsmat í Djúpavogsskóla veturinn 2017-2018

Inngangsorð

Þessi skýrsla fjallar um sjálfsmat í Djúpavogsskóla sem skiptist í grunn-, leik- og tónskóla til 31. des. 2017 en grunn- og tónskóla frá 1. janúar 2018. Grunnskólinn er einsetinn heildstæður skóli með um 70 nemendur úr dreifbýli og þéttbýli Djúpavogshrepps. Í leikskólanum voru í vetur um 40 nemendur þegar mest var. Í Djúpavogsskóla er lögð mikil áhersla á samkenndu, samvinnu og þverfaglega vinnu nemenda og kennara. Mikil áhersla er lögð á að nýta hið stórkostlega umhverfi sem skólinn er staðsettur í, bæði við leik og störf.

Mikil samvinna er milli skólans, Umf. Neista, og Djúpavogshrepps. Nemendur mæta í grunnskólann kl. 8:05 að morgni og hafa lokið íþrótt- og tónlistarnámi að stærstum hluta kl. 16:00. Nemendum úr dreifbýli er ekið í skólann að morgni og þeir síðan sóttir kl. 14:00 eða 15:00. Þá er sveitarfélagið í samstarfi við Hótel Framtíð og býður upp á niðurgreiðslu á heitum máltíðum í hádeginu á sanngjörnu verði.

Nemendur leikskólans mæta 8:00 eða 9:00 og lýkur vistun á bilinu 12:00 – 16:00 eftir vistunartíma sem foreldrar ákveða.

Í tónskólanum var ekki boðið uppá tónlistarnám vegna manneklu.

Djúpavogsskóli er einstakur skóli. Samheldni starfsfólks, nemenda og forráðamanna er mjög mikil og er það sameiginlegt markmið að hér líði öllum vel og að allir fái menntun við hæfi. Þarfir einstaklingsins eru hafðar í fyrirrúmi, en að sama skapi er lögð mikil áhersla á samvinnu og samkennd.

Í skólanum fer fram fjölbreytt starf og við erum í sífellu að auka gæði náms og kennslu og erum við alltaf að bæta við nýjum kennsluháttum. Síðustu skólaár höfum við lagt sérstaka áherslu á umhverfis- og grenndarnám. Stefnt er að því að tengja starf skólans sem mest við umhverfi hans og fyrri reynslu nemenda, svo þeir hafi forsendur til að meta uppruna sinn og umhverfi að verðleikum. Auk þess á allt starf skólans að miða að því að nýta kosti, sérstöðu og séreinkenni byggðarlagsins sem mest. Þá skal stefnt að því að nemendur og starfsfólk skólans verði sér meðvitað um samspil manns og náttúru og temji sér að umgangast allt umhverfi sitt af virðingu og alúð. Því er lögð áhersla á öfluga umhverfisfræðslu sem einkennist af umfjöllun um Djúpavogshrepp, vistfræði sveitarfélagsins og umhverfisvernd. Lögð er áhersla á að nemendur geri sér ljósa grein fyrir mikilvægi verndunar lífræns og lífvana umhverfis og stuðli að því með hegðun sinni að viðhalda þeim möguleikum sem ómenguð og óspillt náttúra býr okkur. Djúpavogsskóli innleiðir nú hugmyndafræði Cittaslow inn í skólann, en sveitarfélagið Djúpavogshreppur varð aðili að hreyfingunni 2013.

Starfsfólk og nemendur skulu einnig verða meðvitaðir um sögu og menningu sveitarfélagsins síns, atvinnuhætti og sitt nánasta umhverfi.

Nemendur og starfsfólk læri að koma fram hverjir við aðra af virðingu, umburðarlyndi og víðsýni, læri að meta séreinkenni hvernar manneskju og hjálpist að við að styrkja hvert annað.

Skýrsla sú sem hér birtist var unnin í apríl 2019. Í henni er gert grein fyrir þeirri vinnu sem fram fór skólaárið 2017-2018

Eins og fyrri skýrslur má finna þessa á heimasíðu grunn- og leikskólans, auk þess sem hún verður send til *fræðslunefndar Djúpavogshrepps* og *sveitarstjórnar Djúpavogshrepps* til kynningar.

Heimasíða skólans er: <https://djupivogur.is/Thjonusta/menntun/Grunnskoli/> og heimasíða leikskólans er: <http://www.bjarkatun.leikskolinn.is/>

Verkefni:

1. Byrjendalæsi og Orð af orði

Grunnskólinn hélt áfram innleiðingu Byrjendalæsis og gekk það mjög vel.

Byrjendalæsi er mjög umfangsmikið og hefur innleiðingin tekið langan tíma. Henni er í raun formlega lokið en mikilvægt er að endurmenntun verði sinnt og að skólinn hlúi að þessu starfi. Byrjendalæsi er fyrst og fremst notað á yngsta stigi.

Innleiðing hélt áfram á verkefninu Orð af orði en það er hugsað sem framhald á Byrjendalæsi. Nokkrir kennarar á mið- og unglingsstigi sinntu verkefninu.

3. Úrbótalisti frá vori 2017

Áfram var unnið að því að grynka á úrbótalista skólans og náðist að klára nokkur atriði. Nýjan úrbótalista fyrir vorið 2018 fá finna í *fskj. 1*

4. Skólapúlsinn

Skólinn tók áfram þátt í Skólapúlsinum, sem er staðlaður spurningalisti sem sendur er nemendum foreldrum og starfsfólki. Skólaárið 2017-2018 svöruðu nemendur og foreldrar spurningalistum. Svarhlutfall foreldra var 94,4% og svarhlutfall nemenda 90,4%

Hér fyrir neðan sést yfirlit yfir þættina sem mældir eru í nemenda- og foreldrakönnunum Skólapúlsins. Niðurstaða hvers þáttar er annað hvort meðaltal mæligilda á bilinu 0 til 10 eða hlutfall svarenda sem velja tiltekna svarmöguleika. Sem viðmiðunarregla er meðaltalsmunur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

. * Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða fyrir neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn í aftasta dálki fyrir aftan nafn þáttarins stjórnmerktur og með bláum stöfum +/- X,X. Þetta merkir að hægt sé að fullyrða með 90% vissu að munurinn sé raunverulega til staðar í þýðinu.

A: SPURNINGALISTI NEMENDA

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	5,1	47	4,8	16.465	0,3
1.2. Þrautseigja í námi	5,1	47	5,0	16.219	0,1
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,6	47	5,1	16.445	-0,5*
1.4. Ánægja af náttúrufræði	5,4	47	4,9	16.440	0,5*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,7	47	5,0	16.181	-0,3
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,5	47	4,8	16.428	-0,3

Nemendur í Djúpavogsskóla hafa almennt meiri ánægju af lestri en landsmeðaltal segir til um, þeir eru á pari við aðra þegar kemur að þrautseigju í námi en mælast áfram undir meðaltali þegar kemur að áhuga á stærðfræði. Þeir mælast áfram hærrí en aðrir þegar kemur að áhuga á náttúrufræði, hafa aðeins minni trú á eigin vinnubrögðum í námi en aðrir nemendur og sama er að segja um eigin námsgetu.

2. Líðan og heilsa

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	3,9	46	4,9	16.176	-1,0*
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,1	47	4,9	16.156	-0,8*
2.3. Velliðan	4,1	47	4,9	16.405	-0,8*
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	20	-	-	-
2.5. Einelti	6,0	47	5,2	16.391	0,8*
2.6. Tíðni eineltis	21,3%	10 _{/47}	12,3%	2008 _{/16369}	9,0%*
2.7. Staðir eineltis	-	10	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	53,3%	24 _{/45}	40,6%	6455 _{/15886}	12,7%*
2.9. Holt mataræði	4,3	47	4,8	16.143	-0,5*

Því miður hafa nemendur Djúpavogsskóla enn minna sjálfsálit en landsmeðaltal segir til um, þeir telja sig hafa minni stjórn á eigin lífi og þeim líður ekki eins vel og öðrum börnum. Þegar ástæður fyrir áhyggjum og stressi eru skoðaðar þá nefna nemendur ýmist stress tengt prófi, að þurfa að leika á árshátíð eða annað slíkt. Einn nemandi talar um að honum sé strítt og einn segir að kennarinn sé ómögulegur. Nokkrir nemendur tala um að ástæðan sé heima, erfitt hjá fjölskyldunni, skilnaðir, veikindi, eitt barnið segir að það hafi logið að foreldrum og líði illa vegna þess.

Þegar kemur að einelti mælumst fyrir ofan landsmeðaltal og eru það stúlkur í 6., 9. og 10. sem skora hæst. Þegar tíðni eineltis er skoðuð kemur í ljós að þetta eru stúlkur í 6. og 7. bekk sem skora langhæst. Þegar staðir eineltis eru skoðaðir kemur í ljós að 4 nefna hádegisstund, 4 á netinu og gsm og 5 merkja annars staðar t.d. þá í rútuferð, úti (ekki í frímínútum) og 2 segja í nestinu. Engar stórar breytingar eru milli ára.

Nemendur í Djúpavogsskóla halda áfram að skora hátt þegar kemur að hreyfingu en skora lágt þegar kemur að því að borða hollan mat.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,0	47	5,0	16.133	-1,0*
3.2. Samband nemenda við kennara	5,0	47	5,0	16.370	0,0
3.3. Agi í tímum	5,3	47	5,0	16.361	0,3
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,6	47	5,1	16.343	0,5
3.5. Mikilvægi heimavinnu í náminu	5,5	46	4,7	15.030	0,8*

Nemendur okkar halda áfram að skora lágt þegar kemur að samsömun við nemendahópinn en samband nemenda við kennara er á pari við aðra skóla. Við skorum hærra þegar kemur að aga í tímum, sem er athyglisvert því foreldrar telja að það skorti meiri aga. Nemendur á Djúpavogi eru virkari þátttakendur í tímum og skilja mikilvægi heimavinnu betur en almennt gengur og gerist.

Opin svör nemenda

a) Hvað er gott við skólann.

Rauður þráður í svörum barnanna er hvað það sé gott samband milli nemenda og kennara, þau upplifa að það sé hlustað á þau, það sé alltaf einhver til staðar sem hjálpar þeim og þeim líður vel.

Sum tala um gott leiksvæði og góðan sparkvöll, þau eigi góða bekkjarfélaga, gott hvað skólinn sé lítill o.fl.

b) Hvað má betur fara í skólanum.

Þegar spurt er hvað megi betur fara þá svara mjög margir nemendur með orðinu ekkert. Þeir sem hafa eitthvað til málanna að leggja segja að það sé of mikill hávaði í bekknum og það sé stundum erfitt að læra. Einhver nefna að maturinn mætti vera betri og nokkuð margir segja að vatnið í skólanum sé ekki gott.

Einn nemandi talar um að það sé erfitt að vera í samkenslu þar sem eru 3 árgangar saman. Einn segir að það sé erfitt að vera í tvöföldum stærðfræðitíma.

Örfáir tala um sparkvöllinn, að það sé ósanngjarnt hvernig honum er skipt.

Nokkrir nemendur tala um að kennararnir séu ósanngjarnir og einn segir að kennarinn og skólastjórinn taki allt persónulega og fari í vörn.

B: SPURNINGALISTI FORELDRA

Hér fyrir neðan verður gerð grein fyrir svörum foreldra auk þess sem helstu svör við opnum spurningum verða tíunduð.

1. Nám og kennsla

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	4,6	34	5,0	3.224	-0,4
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	75,8%	25 _{/33}	89,9%	2821 _{/3133}	-14,1%*
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	85,3%	29 _{/34}	83,8%	2684 _{/3179}	1,5%
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	63,6%	21 _{/33}	72,0%	2268 _{/3156}	-8,4%

Um 24% foreldra eru óánægðir með stjórn skólans og þarf að finna flöt á því í hverju sú óánægja felst.

Foreldrar í Djúpavogsskóla eru almennt ánægðari með þyngd námsefnis en gerist og gengur

Foreldrar í Djúpavogsskóla vilja meiri aga.

2. Velferð nemenda

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,7	33	4,8	3.128	-0,1
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	78,8%	26 _{/33}	87,2%	2750 _{/3141}	-8,4%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	94,1%	32 _{/34}	91,7%	2953 _{/3224}	2,4%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	97,1%	33 _{/34}	91,3%	2941 _{/3208}	5,8%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	97,1%	33 _{/34}	89,9%	2898 _{/3216}	7,2%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	12,1%	4 _{/33}	9,4%	300 _{/3175}	2,7%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	33,3%	1 _{/3}	53,4%	303 _{/549}	-20,1%
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	33,3%	1 _{/3}	52,5%	281 _{/531}	-19,2%
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	76,0%	19 _{/25}	74,2%	1470 _{/1941}	1,8%
2.10. Meðaltímabil eineltis	0,5	4	1,4	549	-0,9
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	4	-	-	-

Foreldrar stúlkna í 1.-7. bekk telja að skólinn mæti ekki nógu vel þörfum nemenda Hærra hlutfall foreldra, en gengur og gerist, telur að börnunum líði vel í skólanum. Og líðan nemenda í kennslustundum skorar mun hærra en á landsvísu þannig að foreldrar telja almennt að börnunum líði mjög vel í skólanum og á skólalóðinni.

Umfang eineltis er hærra en meðaltal annarra skóla sýnir og er það fyrst og fremst vegna svörunar foreldra í 1.- 4., = 2 nemendur og í 5.-7. bekk = 2 nemendur, alls 4 nemendur. Foreldrar eru alls ekki ánægðir með úrvinnslu skólans í eineltismálum, hvorki hvað varðar hvernig það er gert né hversu hratt það gengur. Það vekur hins vegar athygli að

Þegar tímalínan er skoðuð þá tekur það mun styttri að vinna eineltismál í Djúpavogsskóla en annars staðar. Foreldrar Djúpavogsskóla eru hins vegar ánægðari en meðaltalið með eineltisáætlun skólans.

Séu staðir eineltis skoðaðir þá segja foreldrar að 1 nemandi hafi lent í því að verða lagður í einelti á netinu eða GSM, 2 í kennslustundum, 4 í frímínútum á skólalóð, 3 í íþróttatímum og 2 í búningssklefum.

3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	4,8	34	5,2	3.182	-0,4*
3.2. Ánægja foreldra með tómsundaþjónustu	4,8	31	4,9	1.931	-0,1
3.3. Hlutfall nemenda í tómsundaþjónustu/frístundaheimili	91,2%	31 _{/34}	58,7%	1989 _{/3211}	32,5%*
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómsundaþjónustu	-	3	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	74,2%	23 _{/31}	73,3%	2135 _{/2828}	0,9%
3.6. Notkun á mötuneyti	97,0%	32 _{/33}	88,9%	2876 _{/3217}	8,1%
3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti	-	-	-	-	-

Ánægjulegt er að sjá hversu margir nemendur nýta tómsundaþjónustu en það eru nánast allir nemendur sem gera það. Sé skoðað af hverju þeir sem ekki eru að nýta þjónustuna koma ekki þá nefnir eitt foreldri að það sé of löng vegalengd, einn nefnir að barnið þurfi ekki þjónustuna og eitt foreldri merkir við að hún sé of dýr. Eitt foreldri merkir að þjónustan hafi aðeins verið einu sinni í boði fyrir sitt barn.

Foreldrar á Djúpavogi eru almennt ánægðari með skólamötuneytið en gengur og gerist og notkunin er einnig meiri en meðaltalið á landsvísu.

4. Foreldrasamstarf

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	5,4	34	5,0	3.139	0,4
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	45,5%	15 _{/33}	58,5%	1837 _{/3026}	-13,0%*
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	53,3%	16 _{/30}	61,5%	1777 _{/2838}	-8,2%
4.4. Þættir í skólasterfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	19	-	-	-
4.5. Þættir í skólasterfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	22	-	-	-
4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	87,9%	29 _{/33}	93,7%	2971 _{/3162}	-5,8%
4.7. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	32	-	-	-
4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	54,5%	18 _{/33}	55,1%	1645 _{/3036}	-0,6%
4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	93,9%	31 _{/33}	85,2%	2477 _{/2910}	8,7%
4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	50,0%	17 _{/34}	79,0%	2479 _{/3134}	-29,0%*
4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	47,1%	16 _{/34}	71,6%	2305 _{/3210}	-24,5%*

Foreldrar í Djúpavogsskóla telja að þeir hafi ekki næg áhrif þegar kemur að ákvörðunum varðandi nemendur og að það sé ekki leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina. Samt sem áður mælist það þannig að kennarar í Djúpavogsskóla hafa frekar frumkvæði að foreldrasamstarfi heldur en meðaltal í öðrum skólum sýnir.

Þegar ánægja með síðasta foreldraviðtal er skoðuð kemur í ljós að foreldrar barna í 8.-10. bekk mælast langt yfir landsmeðaltali á meðan foreldrar í 1.- 4. og 5.-7. voru undir landsmeðaltali.

Foreldrar á Djúpavogi eru undir landsmeðaltali þegar kemur að tíma sem þeir eyða í að gera námsáætlanir með sínum nemendum en þeim finnst það hins vegar mjög mikilvægt. Foreldrar eru mjög óánægðir með heimasíðu skólans og telja að þeir séu illa upplýstir um stefnu skólans og námskrá.

5. Heimastuðningur

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	6,0	34	5,0	3.155	1,0*
5.2. Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið	5,1	34	4,7	3.142	0,4
5.3. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	5,5	34	4,5	3.092	1,0*
5.4. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	75,8%	25 _{/33}	73,5%	2284 _{/3096}	2,3%
5.5. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	78,1%	25 _{/32}	54,6%	1718 _{/3100}	23,5%*
5.6. Væntingar foreldra um háskólanám	81,8%	27 _{/33}	73,6%	2038 _{/2840}	8,2%
5.7. Væntingar foreldra um iðnám	6,1%	2 _{/33}	12,2%	373 _{/2840}	-6,1%

Foreldrar á Djúpavogsskóla eru virkari þegar kemur að námi barna þeirra en gengur og þeir hafa almennt trú á að þeir geti aðstoðað börnin sín. Nemendur leita líka meira til

foreldra hér en landsmeðaltalið sýnir. Foreldrar eru almennt ánægðir með heimavinnu og eyða mun meiri tíma í að aðstoða sýn börn en aðrir foreldrar.

Þá hafa foreldrar meiri væntingar til sinna barna þegar kemur að háskólanámi, heldur en landsmeðaltalið en hins vegar mun minni væntingar varðandi iðnnám en meðaltal í öðrum skólum.

Opin svör foreldra

a) Hvað er gott við skólann.

Foreldrar minnst langoftast á gott samband milli nemenda og starfsfólks. Þeir tala um að börnin séu hamingjusöm og að starfsfólkið leggi sig 100% fram fyrir börnin. Tala um að vegna smæðar hafi starfsfólkið tíma til að sinna hverju barni.

Gott starfsfólk sem beri umhyggju fyrir börnunum.

b) Hvað má betur fara í skólanum.

Auka þarf vægi og val verkgreina út frá áhugasviðum nemenda. Námsefnið þarf að vera markvissara. Koma til móts við þarfir barna sem eiga erfitt með að tjá sig og tryggja að nemendur skilji það sem sett er fyrir heima. Vantar betri stærðfræðikennslu

Kennarar fái meira vald, kenndar verði dyggðir og mannkostir.

Betri samskipti milli foreldra, nemenda og starfsfólks og að starfsfólk þarf að hlusta á raddir foreldra, ekki fara í vörn. Betri upplýsingagjöf

Það vantar fleiri fagmenntaða kennara og tónmenntakennslu og tónlistarkennara.

Upplýsingar þurfa að skila sér fyrir heim, t.d. ef nemandi er ekki að standa sig vel í ákveðinni námsgrein.

Að foreldrar geti hitt sérfræðinga frá Skólaskrifstofunni til að fara yfir árangur síns barns, sem er í sérkennslu. Til að taka stöðuna. Vantar upplýsingar um framvindu barna í sérkennslunni og hvað er verið að vinna með hverju sinni

Bæta þarf úrelt húsnæði og tækjabúnað. Aðstaða til náms þarf að vera betri

Skólinn þarf að hafa aðgang að sálfræðingum sem geta tekið á málefnum erfiðra nemenda.

Vantar meiri aga. Huga að einelti

Færri starfsdaga sem jafnast á vikuna, ekki alltaf langar helgar

Efla fleiri námsgreinar en íslensku og læsi

Öll kennsla á að fara fram á íslensku

Afmarka skólalóð og koma í veg fyrir vatnssöfnun. Betri gæslu í frímínútum

Veikindi og forföll starfsfólks allt of mikið. Of mikið gefið frí eftir hádegi

Of mikil áhersla á Cittaslow

a) Ábendingar varðandi heimasíðu skólans.

Vantar allar almennar upplýsingar, áætlanir o.fl.

Vantar upplýsingar um „óskráðu“ reglurnar

Vantar upplýsingar fyrir nýja foreldra

Vantar upplýsingar um viðverutíma og opnunartíma og viðtalstíma

Setja matseðla inn áður en mánuðurinn byrjar

Vantar fréttir af starfinu, hverjir sinna gæslu, sérkennslu og kennslugreinum

Laga þarf aðgengi að upplýsingum

Meiri og aðgengilegri fréttir

Þarf að fara að koma nýju síðunni í loftið

Námskrár

Lokaorð

Skólapúlsinn er nýtt og mjög gott mælitæki fyrir Djúpavogsskóla. En eins og með allar mælingar mun fyrirlögn hans ein og sér ekki skila neinu, heldur er mjög mikilvægt að taka allar ábendingarnar sem fram hafa komið og vinna markvisst að því að laga það sem hægt er. Ljóst er að nú þegar hefur ýmislegt verið gert af því sem fram kom en við munum halda áfram að bæta okkur eins og við mögulega getum. Settur hefur verið saman úrbótalisti úr þeim þáttum sem komu ekki nægilega vel út, *fskj.1* og munum við á næsta skólaári einbeita okkur að því að betrumbæta það sem hægt er.

Djúpivogur, 12. apríl 2019

Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir

Fylgiskjöl:

Fylgiskjal 1 Úrbótalisti, vor 2018

Heimildaskrá

Sjálfsmat skóla. Leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar. 1997. Menntamála-
ráðuneytið

Úrbótalisti – samantekt vor 2018

Verkefni	Framkvæmdaaðili	Staða	Áætluð verklok
Tröppurnar við ÍMD	Forstöðumaður ÍMD	Bréf í júní 2008	Ólokið
Þakið á ÍMD	Forstöðumaður ÍMD	Bréf í júní 2008	Ólokið
Heildstæð stefna um nýtingu skólamannvirkja	Sveitarstjórn í samvinnu við starfsfólk skóla, skólastjóra og foreldrafélag	Hönnun viðbyggingar.	Óákveðið
Betra aðgengi fyrir fatlaða í skólanum	Skólastjóri og sveitarstjórn	Í vinnslu	Óákveðið
Einelti meðal nemenda	Starfsfólk skólans og starfsfólk Íþróttamiðst.	Í vinnslu	Málin rædd við nemendur, farið í markvissa vinnu. Endurmetið í Skólapúlси, vor 2018
Staðir eineltis	Starfsfólks skólans, Neista og ÍþMD	Í vinnslu	Unnið áfram Endurmetið Skólapúlси, vor 2018
Fjölbreyttari kennsluaðferðir	Kennarar og stjórnendur	Í vinnslu	Í vinnslu
Fjölbreyttari námsmatsaðferðir	Kennarar og stjórnendur	Í vinnslu	Í vinnslu
Mat og endurgjöf til kennara	Stjórnendur	Í vinnslu	Í vinnslu
Auka áhuga á stærðfræði. Gera aðgerðaráætlun	Kennarar og stjórnendur í samstarfi við Skólaskrifstofu Austurl.	Hefst 2018-2019	Í vinnslu
Sjálfskraust og líðan nemenda. Samsömun við nemendahópinn	Starfsfólk skóla í samstarfi við foreldra	Hefst 2018-2019	Í vinnslu
Óánægja með stjórn skólans	Stjórnendur / fræðslunefnd	Hefst 2018-2019	Í vinnslu
Meiri aga	Stjórnendur / starfsfólk	Hefja innleiðingu Uppeldi til ábyrgðar	Í vinnslu
Samræma fyrirkomulag foreldraviðtala	Umsjónarkennarar og stjórnendur	2018-2019	Í vinnslu
Virkja foreldra þegar kemur að ákvörðunum í skólanum	Stjórnendur og stjórn foreldrafélags	2018-2019	Í vinnslu
Koma nýrri heimasíðu í loftið	Skrifstofa Djúpavogshrepps	2018-2019	Í vinnslu
Stuðla að því að nemendur borði hollari mat	Skólinn og foreldrar	2018-2019	Í vinnslu